

Ed.

129. Frumvarp

til laga um sölu á eggjum eftir þyngd.

Eftir 3. umr. i Nd.

1. gr.

Allir, sem egg selja, hvort heldur framleiðendur eða kaupmenn, skulu selja eggin eftir þyngd, þannig að verðið sje miðað við þyngdina, nema kaupandi sjálfkrafa æski sölu eftir tölu.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. laga þessara varða sektum 5 til 50 kr., er renna í landssjóð.

3. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skal með fara sem almenn lög-reglumál.